



# Sky2a01

Námsáætlun, vorönn 2023

**Kennari/kennarar:**

Guðjón S. Magnússon

**Netfang/netföng:**

gudjon.s.magnusson@borgo.is

**Lýsing:**

Í áfanganum er farið yfir undirstöðuatriði skyndihjálpar, hin fjögur skref; tryggja öryggi, athuga viðbrögð, meta ástand slasaðra eða sjúkra, sækja hjálp og veita skyndihjálp.

Farið er yfir þá samfélagslegu og lagalegu skyldu að einstaklingurinn þurfi að bregðast við í neyðartilfellum, hvernig sé unnið úr streitu í neyðartilfellum ofl.

Fari er yfir og gert grein fyrir mikilvægi þess að tryggja öryggi á vettvangi, björgun og flutningi slasaðra af slysstað og í hvaða tilfellum þurfi að færa slasaða einstaklinga.

Farið er yfir grunnendurlífgun og sjálfvirkt hjartastuðtæki og verkleg endurlífgun kennd. Einnig verður hliðarlega sýnd og æft verður losun aðskotahlutar úr öndunarvegi.

Farið verður yfir helstu bráða sjúkdóma og farið yfir einkenni og rétt viðbrögð til að bregðast við þeim. Einnig verður yfirferð yfir höfuð-, háls og hryggáverka og rétta meðferð við beina-, liðamóta og vöðvaáverkum.

Farið verður yfir hvernig stöðva skuli blæðingu og bruna og rétt meðferð kennd, sagt frá ofkælingu, hitaslagi og drukknun.

**Þekking, leikni, hæfni:**

Þekking: Að nemandinn öðlist grunnþekkingu á gildi skyndihjálpar og skilji mikilvægi hennar

Leikni: Að nemandinn viti og skilji hvaða viðbrögðum á að beita hverju sinni í skyndihjálp

Hæfni: Að nemandinn geti veitt viðeigandi skyndihjálp af öryggi í þeim aðstæðum sem upp kunna að koma

**Námsmat:**

Krossapróf tekið í síðustu kennslustund

Verklegar æfingar teknar í tíma ásamt hópaverkefni sem nemendur vinna saman

**Nemendur verða að ná að lágmarki 4.5 í einkun**

**Námsgögn:**

„Skyndihjálpar og endurlífgun 2012“ Rauði kross Íslands  
Glærur úr bókinni inn á Innu ásamt vefslóðum og ítarefni



Vika	Dagur	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
<b>1</b>	1	16/1	Almennar regur um skyndihjálpar Kafli 1 Grundvallaratriði skyndihjálpar Kafli 2	
	2	17/1	Endurlífgun Kafli 3	Verkleg endurlífgun
	3	18/1	Bráð veikindi – Aðskotahlutur í öndunarvegi Kafli 4 A	Losun aðskotahlutar úr öndunarvegi
	4	19/1	Áverkar Kafli 4 B	Stöðvun blæðinga með umbúðum
	5	20/1	Slys tengd umhverfisaðstæðum og drukknun Kafli 4 D og E <b>Krossapróf</b>	Hópaverkefni úr efni í skyndihjálpinni
<b>2</b>	6			
	7			
	8			
	9			
	10			
<b>3</b>	11			
	12			
	13			
	14			
	15			

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*